

Uppbyggingasamningur

Ísafjarðarbær, kt. 540596- 2639 og Skotíþróttafélag Ísafjarðar, kt. 500389-1099 (hér eftir „SÍ“), gera með sér svofelldan samning uppbyggingu á skotíþróttasvæði á árinu 2017.

1. gr.

Aðilar eru sammála um að SÍ fari í uppbyggingu á innanhús aðstöðu félagsins samkvæmt áætlun frá féluginu. Þær framkvæmdir sem falla undir þennan uppbyggingasamning eru eftirfarandi:

- Mörk fyrir boga
- Steypa gólf á skotbraut
- Kantur vegna einangrunar úti, frágangur
- Einangrun í loft
- Öryggiskerfi
- Kynding/inntaksgrind, rör og fleira
- Lokar og stýring(hitastýring
- Ljós, lýsing á skotsvæði

Heildarkostnaður kr. 9.010.800,- af þeirri upphæð er efniskostnaður kr. 5.931.000,- Áætluð vinnuframlag SÍ er að verðmæti kr. 3.079.800,-.

2. gr.

SÍ skal sjá til þess að allt umhverfi við framkvæmdirnar sé ávallt til fyrirmynðar meðan á framkvæmdum stendur og eftir að þeim líkur. SÍ ber ábyrgð á að afla tilskilinna leyfa fyrir framkvæmdum skv. þessum samningi.

3. gr.

Ísafjarðarbær greiðir sem framlag til framkvæmdanna kr. 3.000.000,- ári 2017. SÍ skal senda Ísafjarðarbæ two reikninga vegna framlagsins. Sá fyrri skal nema 70% fjárhæðar framlagsins eða kr. 2.100.000,- og skal greiddur í síðasta lagi 1. maí. Sá síðari skal nema 30% fjárhæðar framlagsins eða kr. 900.000,- sem greiddur verður eftir úttekt við verklok Verklok skulu vera tilkynnt í síðasta lagi 1. desember 2017 með lokaskýrslu og sundurliðuðu yfirliti um kostnað og afriti reikninga. Þegar fulltrúi Ísafjarðarbæjar hefur staðfest verklok og að framlag SÍ til verkefnisins sé fullnægjandi verður greiðslan afhent.

Ef framkvæmdir skv. 1. gr. samnings þessa hefjast ekki verða þær greiðslur sem inntar hafa verið af hendi vegna samnings þessa afturkræfar. Berist Ísafjarðarbæ ekki tilkynning um verklok, ásamt umbeðnum gögnum, skv. 1. mgr. 3. gr. samnings þessa fellur samningur þessi úr gildi og þær greiðslur sem inntar hafa verið af hendi vegna samnings þessa verða afturkræfar.

4. gr.




Umhverfis- og eignasvið Ísafjarðarbæjar hefur eftirlit með verkinu og sjá um samskipti fyrir hönd Ísafjarðarbæjar. Brynjar Þór Jónasson, sviðstjóri umhverfis- og eignasviðs, er í forsvari fyrir sviðið. Sviðstjóri hefur eftirlit með að umgengni sé ásættanleg og að verkefninu sé eðlilega sinnt. Forsvarsmaður SÍ vegna samnings þessa er Valur Richter og ber forsvarsmaður ábyrgð á framkvæmdum við uppbyggingu gagnvart Ísafjarðarbæ.


5. gr.

Samningur þessi er gerður með fyrirvara um samþykki bæjarstjórnar Ísafjarðarbæjar. Rísi mál út af samningi þessum skal það rekið fyrir Héraðsdómi Vestfjarða á Ísafirði. Samningur þessi er í tvíriti og undirritaður í votta viðurvist.

Samningur þessi er gerður í tveimur samhljóða eintökum, eitt handa hvorum samningsaðila.

Ísafirði, 3. 04 2017

F.h. Ísafjarðarbæjar

Gísli Halldór Halldórsson

F.h. Skotíþróttafélag Ísafjarðar

Guðmundur Valdimarsson

Vottar að réttri dagsetningu og undirritun.

Margrét Halldórsdóttir 200869-J759
J. Beiring Þórh 2803803699